

Aðgerðir hjá Hafnarfjarðarhöfn vegna Covid 19

- Hafnarskrifstofu og vigtarhúsi var lokað fyrir allri aðkomu óviðkomandi frá og með föstudeginum 13. mars. Settar voru merkingar á útihurðir og upplýsingar um hvernig væri hægt að ná sambandi og fá þjónustu frá skrifstofu, vigt og hafnarþjónustu. Þetta hefur gengið mjög vel.
- Hafnaryfirvöld hafa verið í nánu samstarfi um nokkurra vikna skeið við fulltrúa sóttvarnalæknis og landlæknis, Landhelgisgæslu, almannavarnir, Faxaflóahafnir og Hafnarsambandið varðandi regluverk varðandi öryggismál vegna móttöku á skipulag og allt verklag á hafnarsvæðum, en lögð er rík áhersla á að halda hafnarsvæðum opnum fyrir komum skipa og þjónustu einsog kostur er til að tryggja aðdrætti til landsins.
- Frá og með mánudeginum 16. mars var 10 manna starfslíði hafnsögu og hafnarstarfsmanna skipt uppí tvo hópa. Fjölgað var á bakvakt um einn mann þannig að 5 eru á vakt hverju sinni og mæta frá 07.30 til 16 og einn kvöldvaktarmaður frá 15.30 til 23 og frá 08-16 um helgar sem er óbreytt þjónusta.
- Þegar álag hefur verið mikið vegna skipakoma og löndunar/vigtunar út togurum hefur verið kallaður út viðbótarstarfsmaður/starfsmenn af heimavaktinni, en gætt að því að halda þeim fjarri föstu vaktarstarfsmönnum. Það hefur gengið vel að halda öllu aðskildu en vaktaskipti eru á fimmtudögum.
- Hafnarstjóri og fulltrúi á skrifstofu sem halda utan um reikninga og fjármál hafa verið til staðar á hafnarskrifstofu og haldið góðri fjarlægð. Frá og með 23. mars skipta þau með sér viðveru á skrifstofu.
- Þó nokkur umsvif hafa verið á höfninni, fastar siglingar á Straumsvík á áætlan og einnig nokkuð um fraktskip og umtalsverð löndun hjá togurum og skipum. Það gæti orðið breyting á næstu dögum þar sem útgerðir eru að kalla skipin í land og leggja þeim vegna hruns á solumörkuðum fyrir ferskfisk. Við erum að gera ráðstafanir til að geta komið sem flestum skipum fyrir með besta móti en tryggt áfram þjónustu með opnum hafnarbökkum.

*Hafnarfirði 23. mars 2020
Lúðvík Geirsson, hafnarstjóri*